



Til: hornafjordur@hornafjordur.is
Efni: Ósk um umsögn, lýsing vegna breytingu á aðalskipulagi Skotsvæði og Moto cross
Upplýsingar: Sent: 31/10/2016 11:57:56 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016090020, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2016090020

Vísað er til bréfs frá sveitarfélaginu Hornafriði, dags. 21. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi sveitarfélagsins. Um er að ræða skotæfingasvæði, svæði A og svæði fyrir mótocross og efnistöku merkt B og C í skipulagslýsingunni.

Svæði B og C liggur upp að mikilvægu fuglasvæði, leirum, sem er á náttúruminjaskrá. Svæðið sjálf er raskað að einhverju leiti, framræst að hluta í norðvestur hluta reitsins og syðst, en þó virðist sem ekki séu tún í nyrðri hlutanum heldur sé um að ræða beitarland (deiglendi?). Efnistökusvæði er innan reitsins, syðst og austast, en annars virðast skiptast á þurrlendisvæði og votlandi svæði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við svæði A. Stofnunin leggur áherslu á að við deiliskipulagningu svæðis B/C þá verði tekið tillit til fuglalífs á svæðinu og að metið verði hvort að tiltekin svæði innan reitsins séu nýtt meira af fuglum en önnur með það fyrir augum að þau svæði sem eru hvað náttúrulegust, þ.m.t. fjara og leirusvæði utan reits, verði ekki raskað hvorki vegna framkvæmda (t.d. ef færa þarf til efni) eða staðsetningu brautar.

Með kveðju

Trausti Baldursson
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

